

# FRAMTÍÐARSÝN FYRIR SJÓARANN SÍKÁTA SJÓMANNA- OG FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ Í GRINDAVÍK

„Sjóarinn síkátí“ fagnar gestum Grindavíkur fram yfir helgina, því íbúar sjávarþorpsins láta sér ekki nægja að halda sjómannadaginn hátíðlegan á sunnudag, heldur hafa blásið til margra daga sjómannahátíðar og saltfisksævintýris. Merki hátíðarinnar er kátur karl í sjóstakki.

Morgunblaðið, 1. júní 1996

## INNGANGUR

Sjómanna dagurinn var fyrst haldinn hátíðlegur í Grindavík árið 1948 þegar sjómenn komu saman og gerðu sér glaðan dag með öðrum íbúum. Sjómanna- og fjölskylduhátíðin Sjóarinn síkátí fór fyrst fram í Grindavík um sjómanna dagshelgina 1996 þegar ákveðið var að gera meira úr Sjómanna deginum en áður hafði verið gert. Síðan þá hefur hátíðin tekið miklum breytingum og þróast í takt við breytingar á samfélaginu. Aðkoma Grindavíkurbæjar hefur einnig breyst en sveitarfélagið tók hátíðina að sér árið 2009. Áður hafði skipulagningin verið á herðum Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur.

Sú stefna sem hér lítur dagsins ljós er afrakstur samvinnu og samtals Grindavíkurbæjar við hagaðila og bæjarbúa. Við mótun stefnu um Sjóarinn síkátí er horft til framtíðar og tekið mið af þróun hátíðarinnar undanfarin ár. Þannig er horft til þess sem vel hefur tekist til með en lagt upp með að mæta væntingum íbúa Grindavíkur um áframhaldandi þróun hátíðarinnar. Stefnan er jafnframt sáttmáli um afmörkun hátíðarinnar og grundvöllur ákvarðanatöku á gildistímanum.

Stefnan skal tekin til endurskoðunar 2023.

*Samþykkt í frístunda- og menningarnefnd 2019*

*Samþykkt í bæjarráði Grindavíkurbæjar 2019*

## FRAMTÍÐARSÝN

Sjóarinn síkátí verði hátíð til heiðurs hafinu og sjómennsku sem íbúar Grindavíkur og gestir þeirra bíða eftir. Hátíðin styrki staðarvitund íbúa og ímynd Grindavíkur sem sjávarútvegsbæjar. Í leiðinni rennir hún styrkari stoðum undir fjölbreytt atvinnulíf og menningarstarf í bænum. Markviss uppbygging innviða og samræmt kynningarstarf leiði til þess að sveitarfélagið eflist til muna sem vettvangur viðburða árið um kring.

## SKIPULAG OG FRAMKVÆMD

### LEIÐARLJÓÐ

Sjóarinn síkátí er árviss viðburðir í Grindavík sem unnin er í samvinnu Grindavíkurbæjar og Sjómanns- og vélstjórafélags Grindavíkur. Hátíðin verði vel skipulögð með skýrri stefnu enda ber að stefna að því að fæstir þættir hátíðarinnar séu ófyrirséðir eða tilviljunum háðir. Kostnaður við hátíðarhöldin skal vera innan þess ramma sem ákveðin er í fjárhagsáætlun hvers árs.

### STAÐAN

Sjóarinn síkátí fór fyrst fram árið 1996. Áður hafði Sjómannadagurinn verið haldinn hátíðlegur í Grindavík í áratugi og er enn. Framkvæmd Sjóarans síkátá hefur frá árinu 2009 verið á ábyrgð Grindavíkurbæjar. Framkvæmd hátíðarhalda í tilefni af Sjómannadeginum er í höndum Sjómanns- og vélstjórafélags Grindavíkur. Samstarf milli þessara tveggja lykilaðila hefur verið gott.

Fjármgömun hátíðarhalda hefur verið á ábyrgð Grindavíkurbæjar. Leitað hefur verið eftir styrkjum frá fyrirtækjum sem hefur reynst erfiðara með hverju árinu. Á árinu 2019 greiddi Grindavíkurbær tæplega 70% kostnaðar við hátíðarhöldin, fyrirtæki um 20% og félagasamtök um 10%. Þá eru nýttir starfskraftar starfsfólks Grindavíkurbæjar. Einkaaðilar og félagasamtök bjóða einnig upp á ýmsa viðburði á sínum vegum á meðan hátíðinni stendur.

Unnið er eftir verkefnisáætlun sem samþykkt er í frístunda- og menningarnefnd og kynnt í bæjarráði og fyrir fulltrúum Sjómanns- og vélstjórafélags Grindavíkur í upphafi árs. Vegna hátíðarinnar 2019 voru sett saman tvö teymi, þ.e. hátíðarteymi og öryggisteymi sem fjölluðu um ólíka þætti hátíðarinnar.

Hátíðarhöldin hafa undanfarin ár farið fram á hátíðarsvæði fyrir neðan Kvikuna, við Seljabót og í Hafnargötu.

---

### MARKMIÐ

Meginþungi hátíðardagskrár, frá föstudegi til sunnudags, fari fram neðan við Kvikuna og við Seljabót.

### AÐGERÐIR

- Hátíðarsvæði verði skilgreint.
- Áhorfendapallar verði lengdir í átt að Seljabót.
- Varanlegt svið verði byggt til móts við áhorfendapalla.
- Stórgrýti fyrir neðan Kvikuna verði fjarlægð.
- Unnið verði að úrbótum á rafmagnstenginnum og netsambandi í Kvikunni.
- Staðsetning á listaverkasýningu barnanna verði endurskoðuð í samráði við stjórnendur leikskólanna.

---

### MARKMIÐ

Hátíðarhöld í tengslum við Sjóarann síkátá gangi slysaust fyrir sig.

---

### AÐGERÐIR

- Lögregla, björgunarsveit og aðrir viðbragðsaðilar myndi öryggisteymi sem kallað er til fundar í apríl ár hvert. Á fundinum er dagskrá hátíðarinnar kynnt.
- Öryggisteymi fundar að morgni laugardags og sunnudags á meðan hátíðarhöldunum stendur.
- Næturgæsla verði á hátíðarsvæðinu frá því dagskrá lýkur á kvöldin.

### MARKMIÐ

Lögregla eða aðrir viðbragðsaðilar þurfi ekki að hafa afskipti af unglíngum undir áhrifum áfengis.

### AÐGERÐIR

- Hátíðarhöld á vegum sveitarfélagsins standi ekki lengur en til kl. 23:00 á kvöldin.
- Í kynningarefni hátíðarinnar verði lögð áhersla á samveru allrar fjölskyldunnar.
- Foreldrar verði hvattir til samvinnu um forvarnarmál.

### MARKMIÐ

Umferð gangi vel fyrir sig og gestir leggi ekki bílum sínum í íbúagötum.

### AÐGERÐIR

- Bílastæði verði skilgreind og merkt með vegvísum innanbæjar.
- Íbúar verði hvattir til að koma gangandi eða hjólandi að hátíðarsvæðinu.
- Aðstaða verði sett upp fyrir þá sem koma á reiðhjólum á svæðið.

### MARKMIÐ

Sjóarinn síkátí verði hrein og umhverfisvæn hátíð.

### AÐGERÐIR

- Leitað verði eftir samstarfi við stofnanir og félagsamtök um umhverfisfræðslu í tengslum við hátíðina.
- Vakín verði athygli á mengun hafs og stranda og víðtækum áhrifum mengunar.
- Settar verði upp flokkunartunnur á hátíðarsvæðinu.
- Unnið gegn notkun og sölu á einnota plasti í samvinnu við hagaðila.
- Hætt verði að selja gasblöðrur fylltar helíum á hátíðarsvæðinu.

### MARKMIÐ

---

Rekstraráætlun fyrir hátíðina verði gerð til lengri tíma en eins árs í senn. Kostnaður fari ekki fram úr því sem ákveðið er í fjárhagsáætlun ár hvert.

**AÐGERÐIR**

- Gerður verði samningur við helstu styrktaraðila til þriggja ára.
- Hljóðkerfi og svið verði boðið út til þriggja ára.

## DAGSKRÁ

### LEIÐARLIÓS

Sjóarinn síkátí er fjölskylduvæn hátíð sem miðar að því að stuðla að samveru vina og fjölskyldna í Grindavík. Áhersla skal lögð á að virkja bæjarbúa í aðdraganda hátíðarinnar og tengja dagskrá á einn eða annan hátt við sjósókn og fiskvinnslu. Félagasamtök innan sveitarfélagsins hafi tækifæri til að afla fjár til starfsemi sinnar á hátíðarsvæðinu.

### STAÐAN

Dagskrá Sjóarans síkátí hefur tekið miklum breytingum frá því hátíðin fór fyrst fram. Rammi hátíðarhaldanna hefur þó verið í nokkuð föstum skorðum undanfarin ár. Föstudagurinn einkennist af hátíðarhöldum og þátttöku heimamanna, m.a. litaskrúðgöngu, bryggjusöng og bryggjuballi. Samkvæmt íbúakönnun er framkvæmd var í kjölfar hátíðarinnar 2019 er komin þreyta í núverandi skipulag litahverfanna.

Á laugardeginum er boðið uppá fjölbreytta barnadagskrá, hægt er að fara í skemmtisiglingu, fjöldi leiktækja eru í boði fyrir gesti og andlitsmálun fyrir þá sem vilja. Tónleikar og viðburðir eru á veitingastöðum bæjarins. Flest dagskráratriða eru aðkeypt sem og öll leiktæki. Í áður nefndri íbúakönnun kemur fram gagnrýni á að ekki sé boðið upp á viðburði fyrir unglínga og ungmenni, auk þess sem dagskrá lýkur kl. 17 á laugardegi.

Sunnudagurinn einkennist af hátíðarhöldum Sjómannadagsins, til heiðurs sjómönnum og fjölskyldum þeirra. Þá hafa farið fram keppnir á hafnarsvæðinu en þáttakendum hefur fækkað töluvert á undanförunum árum.

Slysavarnardeildin Þórkátla hefur fengið aðstöðu fyrir Ellubúð á hátíðarsvæðinu þar sem selt hefur verið ýmiskonar góðgæti. Deildir UMFG hafa séð um vöfflusölu í Kvíkunni. Einkaaðilar hafa fengið leyfi til þess að setja upp tímabundna sölubása á svæðinu. Þá hefur oft verið settur upp handverksmarkaður í nágrenni við hátíðarsvæðið.

---

### MARKMIÐ

Við skipulag dagskrár er lögð á samveru vina og fjölskyldna. Allir fjölskyldumeðlimir eiga að geta fundið eitthvað áhugavert í dagskrá hátíðarinnar.

### AÐGERÐIR

- Hugmyndir að skipulagi hátíðarinnar verði ræddar í ungmennaráði og öldungaráði Grindavíkurbæjar sem og við nemendur Grunnskóla Grindavíkur.
- Hluti dagskrár á Sjómannadeginum fari fram í Víðihlíð.
- Boðið verði upp á viðburð fyrir unglínga/ungmenni eftir að hefðbundinni fjölskyldudagskrá er lokið á laugardegi.
- Hátíðin verði sett formlega með leikskólabörnum, t.d. í Sjómannagarðinum.

---

### MARKMIÐ

Íbúar hafi tækifæri til þess að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og hugmyndum að dagskrárlíðum í framkvæmd.

---

#### AÐGERÐIR

- Í upphafi árs verði boðað til fundar með íbúum og hagsmunaaðilum þar sem skipulag komandi hátíðar er til umræðu.
- Ákveðin upphæð verði tekin frá árlega til þess að bæjarbúar geti sjálfir komið vel útfærðum hugmyndum að dagskrárliðum í framkvæmd.
- Að lokinni hverri hátíð verði íbúum gefinn kostur á að koma sínum skoðunum á dagskrá hátíðarinnar á framfæri.

#### MARKMIÐ

Saga- og menningararfur Grindavíkurbæjar verði sýnileg á hátíðinni þar sem lögð er áhersla á mikilvægi sjávarútvegs fyrir uppbyggingu samfélagsins í Grindavík.

#### AÐGERÐIR

- Forsögu hátíðarhaldanna verði haldi á lofti í aðdraganda þeirra.
- Á dagskrá hátíðarinnar verði viðburðir sem hafi skírskotun til sjósóknar, fiskvinnslu og hefða í tengslum við Sjómannadaginn.
- Hátíðarsvæðinu fyrir neðan Kvikuna verði gefið nafn sem sækir innblástur í sögu sjósóknar eða fiskvinnslu.

#### MARKMIÐ

Félagasamtök innan sveitarfélagsins hafi tækifæri til að afla fjár til starfsemi sinnar á hátíðarsvæðinu.

#### AÐGERÐIR

- Settar verði almennar reglur um sölusvæði/torgsölu á hátíðarsvæðinu í samvinnu við þau félagasamtök sem komið hafa að sölu varnings á hátíðarsvæðinu undanfarin ár.
- Skilgreind verði sölusvæði á hátíðarsvæðinu.
- 

#### MARKMIÐ

Íbúar skreyti bæinn í aðdraganda hátíðarhaldanna og gangi saman niður að hátíðarsviðinu á föstudagskvöldi.

#### AÐGERÐIR

- Dagskrá föstudagsins verði endurskipulögð.
- Núverandi fyrirkomulag litahverfanna verði tekið til endurskoðunar.
- Grindavíkurbær taki að sér skreytingar á fjölförnum svæðum
- Umhverfisskreytingar verði settar upp fyrir en gert hefur verið undanfarin ár og lifi lengur.





## MARKAÐSSETNING OG SAMKEPPNISUMHVERFI

### LEIÐARLIÓS

Markaðsefni Sjóarans síkátá á að höfða til Grindvíkinga og efla samkennd meðal íbúa og þeirra sem bera jákvæðan hug til bæjarins. Grindvíkingar og aðrir sem bera taugar til bæjarins verði varir við undirbúning Sjóarans síkátá og séu meðvitaðir um dagskrá hátíðarinnar. Kynningarefni skal miða að því að efla samkennd, styrkja staðarvitund íbúa og ímynd Grindavíkur sem sjávarútvegsbæjar.

### STAÐAN

Sjóarinn síkátá er þekkt vörumerki meðal markhóps hátíðarinnar. Ekki hefur verið mörkuð stefna um notkun vörumerksisins. Þó hefur kátur karl í sjóstakki verið í forgrunni kynningarefnis hátíðarinnar allt frá árinu 1996, í ólíkum úgáfum þó.

Lögð hefur verið áhersla á að kynna hátíðina í Grindavík sem og á landsvísu. Undanfarin ár hefur dagskrá Sjóarans verið ýmist dreift sem hluta af Járngerði eða sem sér riti. Þá hefur dagskránni verið dreift ýmist í Grindavík eða á stærra svæði. Stórir auglýsingapakkar hafa t.d. verið keyptir af RÚV, Bylgjunni og Víkurfréttum. Einnig hafa auglýsingar verið keyptar í minni staðarblöðum.

Sjóarinn síkátá hefur ekki átt eigin síður á samfélagsmiðlum fyrr en í ár. Hins vegar hafa íbúar verið virkjaðir undanfarin þrjú ár til þess að halda utan um snapchat/instagram reikninga Sjóarans.

Fleiri viðburðir og hátíðir eru í boði nú en áður um Sjómannadagshelgina. Má þar nefna Hátíð hafsins í Reykjavík auk hátíðarhalda víða í nágrennasveitarfélögum. Þá eru bæjarhátíðir um hverja helgi um land allt.

---

### MARKMIÐ

Kynningar- og markaðsefni hátíðarinnar verði samræmt, allt frá tóni til myndmáls með það í huga að það endurspegli fjölbreytt mannlíf í sjávarútvegsbænum Grindavík.

### AÐGERÐIR

- Ákveða rödd Sjóarans síkátá og tón þeirra skilaboða sem send eru út.
- Uppfæra vörumerki hátíðarinnar auk markaðsefnis og umhverfismerkinga.
- Unnin verði áætlun um samskipti við fjölmiðla og sýnileika á samfélagsmiðlum.

---

### MARKMIÐ

Dagskrá hátíðarinnar verði aðgengileg íbúum með litla eða kunnáttu í íslensku og þeir þannig hvattir til þátttöku í samfélaginu.

### AÐGERÐIR

- Dagskrá hátíðarinnar verði þýdd á pólsku og ensku.
- Merkingar innanbæjar verði á íslensku, ensku og pólsku eftir því sem við á auk þess að notast verði við táknmyndir.

---

### MARKMIÐ

Markaðsefni Sjóarans síkátá verði fræðandi á líflegan og skemmtilegan hátt.

### AÐGERÐIR

- Fræðsluefni verði unnið í samvinnu við hagaðila, m.a. Grindavíkurhöfn, Hafrannsóknarstofnun, fyrirtæki í sjávarútvegi, Björgunarsveitina Þorbjörn o.fl.
- Skoðað verði frekara samstarf við leik- og grunnskóla.

---

### MARKMIÐ

Nýta verðmætt vörumerki Sjóarans síkátá betur utan þess tíma sem hátíðin stendur, t.d. í tengslum við aðra viðburði á vegum sveitarfélagsins.

### AÐGERÐIR

- Vörumerkið „Sjóarinn síkátí“ verði eign Grindavíkurbæjar.
- Notkun á vörumerkinu verði háð leyfi sveitarfélagsins.
- „Sjóarinn síkátí“ nýtist sem talsmaður Grindavíkur gagnvart börnum og verði sýnilegur alla daga ársins, t.d. í Kvikunni.